Fundur 12.10.2026 Haukur Sigtryggsson gamall félagi.

Góða kvöldið,

Góða kvöldið.

Það var nú orðið tímabært að ég léti í mér heyra og gömlu félagar, gömlu félagar, gaman að heyra í ykkur og hef ég oft reynt að koma en ekki tekist, hef ég oft reynt að koma orðið of langt síðan.

Er hér allur miklu öflugri og er hér gott að vera og beið ég lengi eftir, en það er svo skrítið með þessa fundi að við erum hér í röð að bíða og okkur er gefið merki þegar, það er einhver smávægileg truflun á sambandinu, en ég hef fulla bjartsýni að það komist í lag.

Finn ég mig hér öflugann mjög í framlífi og já ég vildi segja frá því að við bíðum hér í röð og okkur er gefið merki, eru það sérstök stilli áhrifin sem hleypa okkur í gegn og finnum við fyrir því hvernig gamli biskupinn truflar mikið sambandið.

Já komið þið sæl, finn ég mig hér öflugri en nokkru sinni fyrr og er erfitt að lýsa því hversu mikil viðbrigðin eru, bæði er maður miklu léttari á sér, rétt eins og þegar maður var ungur maður og eins er það að maður er eiginlega hressari en nokkru sinni fyrr á jörðinni og það ánægjulegasta er kannski þegar maður getur svifið í góðra vina hópi upp til stjörnusambandsstöðvanna.

Og hef ég ekki minnkað fundarsóknina þótt hingað sé kominn nema síður sé og konan fylgir jafnan með.

Vona ég að ég geti nefnt nafn mitt, ættuð þið að kannast við það, er það nú allt að koma og finn ég nú kraft minn aukast í sambandinu og get ég tjáð mig betur, eru það sterk öfl sem trufla og sagði ég það oft við ykkur að það yrði ekki betra að hætta að mæta á fundi gegn áhrifum Jahve, heldur standa saman og fá fleiri í lið mér sér.

Hef ég hér gengið á fjöll og held góðu sambandi við gömlu kunningjana, Nýalsinna fjölskylduna og ekki veit ég hvort, og nú virðist mér sambandið aftur farið að dofna.

Verð að koma því að sem ég vildi, verð að koma að nafni mínu, er ég hér með báða fætur fulla af orku og geng hér og hleyp hér.

Ert þú Haukur ?

Já Haukur Sigtryggsson, já komið þið sæl, er hún ekki viðstödd ?

Nei. Hún biður að heilsa þér, hún er búin að lenda í basli með bílinn sinn.

Já við skulum reyna að athuga það og flýta fyrir og senda þeim skilaboð. Ég reyni að koma aftur fljótlega eins og hægt er, ef mér tekst það.

Vertu velkominn Haukur.

Þakka þér fyrir Eiríkur og gaman að finna fyrir þér og ykkur öllum, ég hef komið allt of sjaldan og hef ekki gleymt ykkur, eins og ég hef sagt þá mæti ég hér ekki minna á fundina, en erfitt að komast í gegn.

Maður saknar þín ávallt og alltaf. Það er mikill fengur af þér.

Þakka þér fyrir Þorsteinn en hafið það í huga að ég er ekki svo fjarri, við erum hér á öðrum hnetti, en við stöndum með ykkur samt og reynum að gera okkar besta.

Takk fyrir það kærlega.

Ég vildi lýsa því að það er gríðarlegur munur að hafa ungan og hraustan líkama og það segir konan líka, en ég

Ert þú nokkuð kominn með fleiri börn ?

Já ég get komið að því, ég ætlaði einmitt að nefna nöfnin á þeim og ég ætlaði að segja það að þegar konan mín fór hér yfir þá minnkaði lífslöngunin og ég fann að heilsan var tekin að bila, en allt breyttist það á framlífs jörð og eru hér systkini mín og fleiri fjölskyldu meðlimir.

Nefndum við eldri dótturina Ólöfu, eftir systur sem er hér komin og sú yngri er Guðrún, það nafn er í fjölskyldunni.

Já hvað er hún orðið gömul ?

Það er varla nema, varla nær tveggja ára.

Ok.

En það er gleðiefni að þau hafa eignast hér systkini. Ert þú með spurningar Eiríkur ?

Já mig langar að spurja þig að einu, þú lést okkur einu sinni hafa blöð með mörgum vísum sem komu jafn harðan upp hjá þér, var þetta Egill Skallagrímsson sem var að senda þér þetta ?

Já þú manst eftir þessu ?

Já við erum með þessi blöð hérna inn í húsinu með bókunum.

Já akkúrat, já ég hef nú verið að grenslast fyrir um þetta, en ég vissi það ekki sjálfur, en við fengum Egil í sambandið og hann glotti við tönn og sagðist kannast við það.

Ég vil mikið þakka honum fyrir það.

En ég veit ekki betur en hann hafi þá gengist við því, en það kom ekki skýrt í ljós, en þeir eru kankvísir þessir karlar og þeir eru nú ekki mikið að, þeir eru komnir svo langt að þeir eru nú ekki mikið að hreykja sér af þessu, þeir segja það að þeir séu alltaf að reyna að þroska okkur unglingana eins og þeir nefna það.

Ekki lýst mér á það.

Já þetta var mjög ánægjulegt og já ég held að ég geti svarað þessu játandi, og já já ég var nú að setja saman vísur og það er nú gaman að því og ég vil nú hvetja ykkur alla til að æfa ykkur í því, það er gamall og góður Íslenskur siður.

Ég er alltaf að semja vísur, þær koma bara í einum grænum hvelli. (Víkingur)

Já er það ekki ?

Jú jú, síðast samdi ég níðvísu um Samfylkinguna, ég er svo lítið í því já.

Já ekki beint níðvísu en svona. Ég veit ekki hvað ég á að kalla það, það er bara eins og tilfinningin segir, eins og mér finnst.

Kerknis vísur.

Já, Já.

Já ég prentaði þetta einu sinni og gaf þetta, þetta var nú mest til gamans, en þetta er einmitt það sem fólkið gerði hér áður fyrrum og gaman að þessu og setur krydd í tilveruna.

Já það gerir það.

Það koma stundum dálítið skrítnar vísur hjá mér eins og ég sé í sambandi við einhvern fornmann (Eiríkur).

Já er það já. En eru þetta ferskeytlur ?

Já þetta er svo lítið skrítið hvernig þetta kemur já og hripar hingað niður.

Já, þú heldur að þú hafir einhverja hæfileika kannski ?

Ég veit nú ekki hversu þeir eru miklir, eitthvað er þetta samt.

Já þetta er einmitt, Sveinn skrifaði nú ósjálfráða skrift, man ég eftir því, fyrstu árin og opnaðist svo galopnaðist.

Þannig að ég held að það sé rétt hjá þér að það séu tengsl þarna á milli og þið ættuð kannski að gera meira af þessu, skrifa svona.

Já ég er dálítið að fá svona vísur.

Þetta kemur í bylgjum, einhvern veginn, kemur bara allt í einu.

Ég vona að ég verði svo öflugur einhvern tíman að við getum kveðist á.

Já ég hlakka til.

Já eins og þessi vísa sko, áður var ég klár og hress og fór þá oft á göngu, orðin er ég gamalt dress og stend nú oft í ströngu.

Já já einmitt, en þú verður að passa upp á skáldskapar hættina.

Já þetta er svona dæmi um það, tækifæris vísur.

Þú færð einhvern innblástur, það er greinilegt.

Já það er eitthvað sem er að gerast.

Já það er gott, það er gott. Já ég finn að það eru margir hér sem hafa gaman að þessu, mér finnst vel hafa teksit í þessu sambandi, en ég verð víst að kveðja að sinni og ég sendi mínar bestu kveðjur til ykkar og fjölskyldunnar sérstaklega.

Og þakka ég fyrir, við finnum fyrir þegar hún er hér stödd og höfum oft reynt að koma í sambandið, en munum reyna að koma eins fljótt og hægt er aftur, verið þið sæl.

Ég þakka fyrir og heyri kannski í þér seinna og bið að heilsa konunni.(Eiríkur).

Já takk.

Blessaður ég kem kveðjunni frá þér.